Námsefnið

Í kennslustundum notum við meðal annars námsefnið AHA! sem er byggt á hugmyndafræði og rannsóknum jákvæðrar sálfræði og er rauði þráðurinn í efninu hafður eftir orðum Jesú Krists: „Elska skaltu náungann eins og sjálfan þig“. Einnig horfum við á fræðandi þætti sem kenna grunnatriði kristinnar trúar á auðskilinn hátt sem höfðar til unglinga. Við fjöllum einnig um sorg, gleði, sjálfsmynd, þakklæti, fyrirgefningu, sköpun og umhverfisvernd. Fimm af messum vetrarins verða sérstaklega ætlaðar fermingarbörnum og fjölskyldum þeirra.

Fræðsludagar

Fermingarstarfið hefst með skemmtilegum fræðsludögum vikuna áður en skólar hefjast, eða 16.-19. ágúst. Auk fræðslustunda verður námið brotið upp með leikjum og söng. Svo fáum við góða gesti í heimsókn. Sunnudaginn 21. ágúst kl. 20 bjóðum við fermingarbörn og fjölskyldur þeirra sérstaklega velkomin í skemmtilega messu sem markar upphaf vetrarstarfsins.

Skráning

hefst kl. 19:00 þriðjudaginn 17. maí
www.lindakirkja.is - fermingar – skráning
Fermingarfræðslugjald er 27.994 krónur, innifalið er fræðsla, kyrtilleiga og ljósmyndun á fermingardaginn o.fl.
Hafið samband við Lindakirkju ef einhverjir greiðsluerfiðleikar eru fyrir hendi.

Lindakirkja

Lindakirkja | Uppsölum 3 | 201 Kópavogur
Sími 544 4477
lindakirkja@lindakirkja.is
www.lindakirkja.is

VETURINN 2022-2023

Fermingar fræðsla

Lindakirkja

www.lindakirkja.is

Sr. Guðni Már

Sr. Dís

Sr. Guðmundur Karl

Komið þið sæl!

Með þessum bæklingi viljum við boða til fundar foreldra og forráðamanna fermingarárgangs 2023 í Lindakirkju þriðjudaginn 17. maí kl. 18.
Í kjölfar fundarins hefst svo skráning fermingarbarna á www.lindakirkja.is – fermingar – skráning, kl. 19 sama dag.

Bestu kveðjur,
Prestarnir

Hvað erum við að gera?

Upplýst trú, gagnvirk fræðsla

Markmið okkar með fermingarfræðslunni í Lindakirkju er að veita góða kennslu um kristna trú, svo fermingarbörnin taki upplýsta og heiðarlega ákvörðun um að gera Jesú Krist að leiðtoga og fyrirmynd lífsins. Við tökum spurningum fagnandi, viljum að börnin velti hlutum upp á sínum forsendum og leitumst við að gera tilvistarspurningarnar áhugaverðar og skemmtilegar. Virðing er borin fyrir öllum skoðunum og ólíkum sjónarhornum. Talsvert verður notast við tölvutæknina í fræðslunni auk skemmtilegra verkefna af ýmsum toga.

Kennslustundir / helgistundir

Við leitumst við að virkja fermingarbörnin á ýmsum sviðum í fræðslunni, til dæmis í söng og óskum eftir að heyra um ef einhver þeirra spila á hljóðfæri. Í fræðslunni kallast á hefðbundnar kennslustundir og helgistundir, þar sem áhersla er lögð á að kenna biblíusögur, biðja og syngja. Einnig verða unnin skemmtileg hópaverkefni

Fjölbreytt kirkjustarf

Fermingarbörn í Lindakirkju og fjölskyldur þeirra eru ávallt velkomin í guðsþjónustu. Messað á sunnudagskvöldum kl. 20:00. Æskulýðsfélagið Kaktus er líflegt og þar er margt brallað. Auk þess er Unglingagospelkór Lindakirkju mjög öflugur og hvetjum við fermingarbörnin sérstaklega til að taka þátt í honum.

Hjálparstarf

Í fermingarfræðslu Lindakirkju tökum við þátt í söfnunarverkefni á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar.

Ferðalag í Vatnaskóg í október

Einn af hápunktum vetrarins er fermingarnámskeið í Vatnaskógi þar sem gist verður í tvær nætur. Mörgum fermingarbörnum hefur þótt veran þar meiriháttar upplifurn, enda hefur staðurinn upp á svo ótalmargt að bjóða. Þar sem gist verður í tvær nætur er gjaldið ögn hærra en hjá öðrum söfnuðum. Fullt verð á námskeiðið er 21.500 kr. en fyrir börn í þjóðkirkju verður ferðin greidd niður og er gjaldið 14.900 kr.

Hafið samband við Lindakirkju ef einhverjir greiðsluerfiðleikar eru fyrir hendi.

Skráning hefst

Opnað verður fyrir skráningu í fermingarfræðslu næsta vetrar á **www.lindakirkja.is** fermingar– skráning þriðjudaginn 17. maí kl. 19:00.

Fermingardagar vorið 2023 eru

laugardaginn 18. mars kl. 10:30 og 13:30,
sunnudaginn 19. mars kl. 13:30,
laugardaginn 25. mars kl. 10:30 og 13:30,
sunnudaginn 26. mars kl. 13:30,
laugardaginn 1. apríl kl. 10:30 og 13:30
pálmasunnudag. 2. apríl kl. 13:30